

# ÁKVÖRÐUN

## Aganefndar Landssambands hestamannafélaga, vegna máls nr. 1/2020

Aganefnd Landssambands hestamannafélaga „Aganefnd“ kom saman þann 22. janúar 2021 til að fjalla um beiðni sem barst nefndinni frá stjórn Landssambands hestamannafélaga „L.H“ um að endurupptaka mál nr. 1/2020, þar sem stjórn L.H. hafði veitt heimild til þess að nýrri „réttir“ mótaskýrslu væri skilað af Metamóti Spretts, eftir að Aganefnd úrskurðaði í mál nr. 1/2020.

Í málinu liggur fyrir umrædd uppfærð mótaskýrsla. Jafnframt liggur fyrir erindi frá formanni GDLH, Jóni Þorberg Steindórssyni, dags. 30 janúar 2020, ásamt erindi hans til Stjórnar L.H., Erindi þetta, sem sent var til L.H., var ekki meðal þeirra gagna sem lágu fyrir við vinnslu máls nr. 1/2020.

Eftir að hafa farið yfir ofangreint mál og í ljósi þess að úrskurður Aganefndar varðandi Fredricu Fagerlund hefur verið kærður til dómstóls ÍSÍ, er það niðurstaða Aganefndar L.H að hafna því með formlegri ákvörðun að endurupptaka málið hjá Aganefnd. Telur Aganefnd að þessi ákvörðun nefndarinnar, sé kæranleg til dómstóls ÍSÍ. Geti þeir aðilar sem áttu skráðan árangur á Metamóti Spretts, sem fjallað er um í úrskurði nr. 1/2020 og ógiltur var í úrskurðinum og hafa því hagsmuna að gæta, kært þessa ákvörðun, kjósi þeir að gera svo. Telur Aganefnd að verði ákvörðun þessi kærð af einhverjum sem hagsmuna á að gæta, muni úrskurður í máli nr. 1/2020 koma í heild sinni til umfjöllunar hjá dómstóli ÍSÍ, með þeim gögnum og nýrri mótaskýrslu sem nú liggja fyrir í málinu.

Rétt er að mati Aganefndar að æðri dómstóll fjalli um málið á þessu stigi, enda það þegar komið til dómstólsins, í stað þess að Aganefnd sé að endurskoða og endurupptaka málið í ljósi allra atvika. Verða þá þau gögn sem vísað er til hér að ofan meðal þeirra gagna sem berist dómstóli ÍSÍ.

## ÁKVÖRÐUNARORÐ

Aganefnd L.H. hafnar því að endurupptaka mál nr. 1/2020. Ákvörðun þessi er kæranleg til dómstóls ÍSÍ.

Kópavogur, 22. janúar 2021

Aganefnd L.H.

  
Atli Már Ingólfsson, formaður

Sæþór Fannberg

- Sign -

Gísli Guðmundsson

## ÁKVÖRÐUN

### Aganefndar Landssambands hestamannafélaga, vegna máls nr. 1/2020

Aganefnd Landssambands hestamannafélaga „Aganefnd“ kom saman þann 22. janúar 2021 til að fjalla um beiðni sem barst nefndinni frá stjórn Landssambands hestamannafélaga „L.H.“ um að endurupptaka mál nr. 1/2020, þar sem stjórn L.H. hafði veitt heimild til þess að nýrri „rétti“ mótaskýrslu væri skilað af Metamóti Spretts, eftir að Aganefnd úrskurðaði í mál nr. 1/2020.

Í málinu liggur fyrir umrædd uppfærð mótaskýrsla. Jafnframt liggur fyrir erindi frá formanni GDLH, Jóni Þorberg Steindórssyni, dags. 30 janúar 2020, ásamt erindi hans til Stjórnar L.H., Erindi þetta, sem sent var til L.H., var ekki meðal þeirra gagna sem lágu fyrir við vinnslu máls nr. 1/2020.

Eftir að hafa farið yfir ofangreint mál og í ljósi þess að úrskurður Aganefndar varðandi Fredricu Fagerlund hefur verið kærður til dómstóls ÍSÍ, er það niðurstaða Aganefndar L.H að hafna því með formlegri ákvörðun að endurupptaka málið hjá Aganefnd. Telur Aganefnd að þessi ákvörðun nefndarinnar, sé kæranleg til dómstóls ÍSÍ. Geti þeir aðilar sem áttu skráðan árangur á Metamóti Spretts, sem fjallað er um í úrskurði nr. 1/2020 og ógiltur var í úrskurðinum og hafa því hagsmuna að gæta, kært þessa ákvörðun, kjósi þeir að gera svo. Telur Aganefnd að verði ákvörðun þessi kærð af einhverjum sem hagsmuna á að gæta, muni úrskurður í mál nr. 1/2020 koma í heild sinni til umfjöllunar hjá dómstóli ÍSÍ, með þeim gögnum og nýrri mótaskýrslu sem nú liggja fyrir í málinu.

Rétt er að mati Aganefndar að æðri dómstóll fjalli um málið á þessu stigi, enda það þegar komið til dómstólsins, í stað þess að Aganefnd sé að endurskoða og endurupptaka málið í ljósi allra atvika. Verða þá þau gógn sem vísað er til hér að ofan meðal þeirra gagna sem berist dómstóli ÍSÍ.

## ÁKVÖRÐUNARORD

Aganefnd L.H. hafnar því að endurupptaka mál nr. 1/2020. Ákvörðun þessi er kæranleg til dómstóls ÍSÍ.

Kópavogur, 22. janúar 2021

**Aganefnd L.H.**

*Atli Már Ingólfsson, formaður*

*Sæþór Fannberg*

*Gísli Guðmundsson*